

110

28. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hólmjarni Jósefssyni Hólmjarn prestssetursjörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit, er prestssetur verður flutt þaðan, fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, enda verði jörðin jafnframt gerð að ættaróðali.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

111

28. des.

L Ö G

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1951 leggja á tekjur ársins 1950 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. kr. og	4 % af afgangi.
— 10—12 — — —	60 — —	10 — —	— — —	5 — — —
— 12—14 — — —	160 — —	12 — —	— — —	6 — — —
— 14—17 — — —	280 — —	14 — —	— — —	7 — — —
— 17—20 — — —	490 — —	17 — —	— — —	8 — — —
— 20—25 — — —	730 — —	20 — —	— — —	9 — — —
— 25—30 — — —	1180 — —	25 — —	— — —	10 — — —
— 30—40 — — —	1680 — —	30 — —	— — —	11 — — —
— 40—100 — — —	2780 — —	40 — —	— — —	12 — — —
— 100—125 — — —	9980 — —	100 — —	— — —	10 — — —
— 125—150 — — —	12480 — —	125 — —	— — —	7 — — —
— 150—200 — — —	14230 — —	150 — —	— — —	5 — — —
— 200 — — —	16730 — —	200 — —	— — —	— — —

2. gr.

111

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer 28. des. að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skulu gilda til ársloka 1951.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattviðauka 1951 skal umreikna svo sem verið hefur samkv. ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 340.

5. gr.

Nú er skattur samkv. lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróða-skattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var álagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

112

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

28. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. des. 1951, með þeim breytingum á 21., 24., 26. og 30. gr. laganna, sem greinir í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað „6% söluskatt“ í 21. gr. laganna komi: 7% söluskatt.

3. gr.

24. gr. laganna orðist þannig:

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkv. 22. gr. laga þessara, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. jan.—marz, apríl—júni, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu þau innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er fram talinn eða ekki.